



Sindri

Skýrsla æskulýðsnefndar hestamannafélagsins

Sindra fyrir starfsárið 2012



Uppúr áramótum fór að færast líf í hestamennskuna hjá Sindrafélögum. Æskulýðsnefnd hmf Sindra stóð fyrir nokkrum viðburðum fyrir krakkana yfir árið, þeir voru:

- Æfingabúðir á Hvolsvelli
- Skipulagning reiðkennslu eldri deildar
- Skipulagning og fjáröflun fyrir ferð á HM í Berlín
- Þátttaka í Hestafjöri
- Æskulýðsreiðtúr
- Reiðskólar Sindra í Vík og Skálakoti opnir öllum börnum
- Reiðskólasýning Sindra
- Æskulýðsmót fyrir Sindrafélaga
- Reiðkennsla fyrir landsmót
- Reiðkennsla fyrir bæði íslandsmót og ULM 2012
- Aðstoð við uppsettningu hestaíþróttamóts á Héraðsmóti USVS
- Uppskeruhátíð æskulýðsnefndar



Sindri



Um miðjan febrúar tók nefndin til starfa á nýju starfsári og auglýsti æfingabúðir fyrir Sindrakrakka sem haldnar voru um miðjan mars. Þá var stefnan tekin á Hvolsvöll á föstudegi þar sem fram fór einstaklingsmiðuð reiðkennsla hjá reiðkennaranum Sissel Tveten alla helgina. Hrossin voru hýst í reiðhöll þeirra Geysismanna yfir helgina en krakkarnir fóru hestlaus í sumarbústað á Hellu þar sem að gíst

var tvær nætur. Yfir helgina var ýmislegt gert auk þess að sækja kennsluna s.s skoðunarferð að Hjarðartúni í Hvolhreppi þar sem tekið val vel á móti hópnum og honum sýndur hver krókur og kimi á búinu. Það vakti einnig lukku fyrir utan það að sjá þessa glæsilegu aðstöðu fyrir hrossabúskapinn að fræðast um þann heyútlutning sem Hjarðartún stendur fyrir á vacuum-pökkuðu heyi. Svo var auðvitað farið í sund, út að borða og spilað og leikið í bústað. Þetta gafst mjög vel og þótti afar skemmtilegt að vera í svona útleigð.



Vetrarmót félagsins voru 4 og var þáttaka góð í unglinga-, barna- og pollaflokkum og var það sýnilegt að krakkarnir höfðu lært vel af kennslunni í æfingabúðunum. Eins erum við verulega stolt af krökkunum í eldri deildinni okkar sem sýna nú stöðugar framfarir m.a. vegna kennslu sem þau hafa sótt á Hvolsvöll í vetur 6 helgar í röð til Silvíu Sigurbjörnsdóttur.

Um miðjan Mars boðaði æskulýðsnefndin foreldra unglinga innan félagsins á sinn fund og kynnti hugmyndir um ferð á heimsmeistaramót íslenska hestsins í Berlín 2013. Þessi hugmynd fékk góðar undirtektir og skráðu sig 12 aðillir til fararinnar. Það var strax hafist handa við fjáraflanir sem að ganga vel og er ætlunin að safna fyrir flugi og gistingu fyrir allan hópinn á meðan á mótinu stendur.



Sindri

Um miðjan apríl tóku Sindrafélagar þátt í hestafjöri 2012, sameiginlegum viðburði hestamannafélaga á Suðurlandi. Hópur unglinga var með atriði sem að þau æfðu með aðstoð Sylvíu Sigurbjörnsdóttur sem að tókst afar vel, einnig tóku þátt hópur barna í barnaflokki og pollaflokki.

Í lok apríl var farinn hópreiðtúr æskulýðsins þar var frábær mæting og veðrið ekki til þess að spilla því heldur, reiðtúrin tók rúmlega tvo tíma með góðu stoppi á milli þar sem það var í góðri laut þar sem bæði knapar og hross gátu slakað á og nartað í nesti sitt. Krakkarnir voru einstaklega vel ríðandi svo túrin tókst með eindæmum vel án allra vandræða fyrir alla sem voru á aldrinum 9-15 ára.



Reiðskólar Sindra í Vík og Skálakoti voru á sínum stað eins og vanalega, þar sem öllum krökkum frá 5 ára aldri gefst færi á að koma á hestbak á hverjum degi í vikutíma og njóta samskipta við hestana. Hrossin eru fengin að láni hjá velviljuðum félagsmönnum hmf. Sindra sem lána bestu reiðskjóta sína þessa viku til þess að börnin fái að njóta þeirra, alls voru 25 gæðingar lánaðir til reiðskólans í ár og kunnum við eigendum þeirra bestu þakkir fyrir. Skólinn tókst með eindæmum vel, allt gekk upp að vonum og höfum við trú á að þau c.a.80 börn sem sóttu skólann hafi klárað námskeiðið alsæl og reynslunni ríkari. Þarna komu HM fararnir okkar sterkt inn með vinnuframlagi í formi aðstoðar við reiðkennslu sem að þau fengu greitt fyrir og rann beint í ferðasjóðinn.

Reiðskólasýning Sindra var haldin í Vík að loknum reiðskóla þar sem krökkunum sem verið hafa í reiðskólanum gefst færi á að sýna foreldrum sínum og öðrum færni sína eftir skólana í litlum sýningum og leikjum með hrossunum. Allt frá 5 ára pollum sem sýna hæfni sína til að ríða hringinn, stöðva og stýra hrossunum upp í 14 ára krakka sem sýna flóknari stórglæsilegar skrautreiðar, fastur liður er svo að öllum er boðið upp á SS pylsur og djús að lokinni sýningu.

Hestaþing Sindra var svo haldið um miðjan júní. Nokkrum dögum fyrir mót var okkar árlega æskulýðsmót haldið þar sem að reiðkennarinn Hekla Katarína Kristinsdóttir var fengin til að aðstoða krakkana fyrir hestaþingið. Við gistum í tjöldum, grilluðum og skemmtum okkur framm á nótt. Þáttaka var góð á hestaþinginu þá sérstaklega í unglingaflokki. Efstu tveir knapar í





Sindri

undanúrslitum í hverjum flokki öðluðust keppnisrétt á landsmóti og héldu 3 knapar til keppni í Reykjavík. Minningarsjóður um Óskar Sigurð Þorsteinsson styrkti knapana í formi reiðkennslu hjá Heklu Katarínu fyrir mótið og stóðu knapar sig vel á mótinu.

Sindri átti svo keppendur á Íslandsmóti sem og á unglingalandsmóti UMFÍ en þar stóð félagið við bakið á keppendum og styrkti þau í formi reiðkennslu hjá Heklu.



Ungmennafélag Vestur-Skaftafellssýslu hélt um miðjan ágúst héraðsmót, þar var nýung að inn í mótið bættust hestaíþróttir, hmf Sindri aðstoðaði við utanumahald um mótið en þátttaka á mótinu var nokkuð góð, þó afgerandi best í unglingaflokki. Þetta mót á þó án efa eftir að sækja í sig veðrið með tímanum.

Það er einnig gaman að nefna það hér að í lok febrúar var haldinn aðalfundur hmf Sindra þar sem að efnilegasti knapi og knapi ársins 2011 voru heiðrarir. Þess má geta að báðir voru þeir úr hópi unglinga. Enn ánægjulegra var að efnilegasti knapi hmf Sindra var svo valinn efnilegasti íþróttamaður ungmennafélags Vestur-Skaftafellssýslu fyrir árið 2011.

Á dagskránni er svo að halda árlega uppskeruhátíð í nóvember fyrir krakkana þar sem boðið verður upp á veislu og skemmtiatriði og erum við strax farin að hlakka til lokahófsins.

Við erum ákaflega stolt af krökkunum okkar sem eins og áður sagði sýna stöðugar framfarir sem knapar og sækja stífar stærri mót sem í boði eru, þetta starfsár hefur verið einstaklega skemmtilegt og fjölbreytt og ætlum við okkur að halda starfinu á svipuðum nótum næstu árin enda finnum við að það skilar sér margfalt til baka til félagsins sjálfs.

Fyrir hönd æskulýðsnefndar hmf Sindra

Hjördís Rut Jónsdóttir